



Mánaðarpóstur Hörðuvallaskóla

Fimmtudagur 1. mars 2018

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Gervigrasið í Kórnum

Nú virðist sem vandræðin með rykmengun úr nýja gervigrasinu í Kórnum séu að baki og aðgerðum við ryksugun o.fl. á grasinu sé lokið. Við hefjum því íþróttakennslu þar aftur samkvæmt áætlun.

Úttekt á skólamötuneytum

Í haust setti Kópavogsbær í gang vinnu við úttekt á mötuneytum í leik- og grunnskólum bæjarins þar sem fenginn var óháður aðili til að meta matseðla, hráefni, hreinlæti o.fl. Það er ánægjulegt að segja frá því að mötuneyti Hörðuvallaskóla fékk hæstu einkunn allra skóla bæjarins í þessari úttekt ásamt einum af nágrannaleikskólum okkar. Ekki að það komi á óvart en þetta er ánægjuleg staðfesting á því frábæra starfi unnið er í eldhúsum skólans og við erum að sjálfsgöðu mjög stolt af þessu!

Kæra skólasamfélag

Nú erum við að byrja að huga að undirbúningi næsta vetrar og skóladagatal ársins 2018-2019 hefur verið birt á heimasíðu skólans. Starfsmannasamtöl eru að hefjast og stefnt að því að síðar í mánuðinum verðum við komin með fyrstu hugmyndir að uppstillingu kennslu næsta vetrar og förum þá að auglýsa eftir kennurum í lausar stöður. Væntanlega mun nemendum enn fjölga hjá okkur og við gerum ráð fyrir að nemendafjöldi næsta haust gæti farið hátt í 1000. Til að mæta því er unnið samkvæmt áætlun varðandi húsnæðismálin sem við mótuðum sl. vetur. Bætt verður við tveimur kennslustofum í Kórnum og unnið er að hönnun vegna flutnings bókasafnsins í Baugakór á efri hæð hússins. Þá eru áformaðar framkvæmdir við skólalóðina en niðurstaða kosningarinnar Okkar Kópavogur var að fjármunir fást í gerð körfuboltavallar og uppsetningu á „fimmhyrningsrólum“ á lóðina hjá okkur. Auk þess standa vonir til að áætlaðir fjármunir til framkvæmda við skólann muni duga fyrir einhverjum frekari endurbótum á lóðinni en áætlanagerð vegna þessa stendur yfir. Á næsta skólaári er svo hugmyndin að við munum ásamt Vatnsendaskóla fara að nýta sundlauginn í Boðþingi að nokkru leyti til kennslu yngri nemenda og þar með rýmka örlítið um tíma í Salalauginni. Vegna þessa erum við nú næstu vikurnar að prófa okkur áfram með kennslu hluta 3. og 4. bekkjar þar uppfrá. Næsta haust mun einnig rýmka um tíma í íþróttahúsinu hjá okkur þegar nýtt íþróttahús við Vatnsendaskóla verður tekið í notkun. Það er því að ýmsu að huga en stóra verkefnið á hverjum tíma er enn sem fyrr að láta hvern dag ganga sem best þannig að nemendur haldi áfram að menntast og dafna í skólanum okkar. Og góðu fréttirnar eru jú þær að það gengur bara býsna vel og í raun aðdáunarvert hve 1000 manna vinnustaðurinn okkar mallar ljúflega áfram frá degi til dags. Með von um góðan og árangursríkan marsmánuð!

Bestu kveðjur úr skólanum,

Ágúst Jakobsson skólastjóri



Foreldrafélagið stendur fyrir páskabingói þriðjudaginn 13. mars 2018.

1. – 2. bekkur frá 17:00 til 18:00 og 3. – 10. bekkur frá 18:30 til 19:30

Spjaldið kostar 300 kr. (þar af renna 50 kr. til 10. bekkjar vegna vinnuframlags) og það verða páskaegg í vinning. Vonandi sjáum við sem flesta og athugið að við tökum ekki kort

Stjórnin

Læsisáttmáli Heimila og skóla

Á vef Heimila og skóla er að finna Læsisáttmála fyrir foreldra, sem unninn var í tengslum við þjóðarsáttmála um læsi haustið 2015. Þarna er að finna ýmislegan fróðleik og leiðbeiningar varðandi hvernig foreldrar geta stutt við lestrarnám og læsisfærni barna sinna. Þarna er líka að finna skemmtileg lestrarbingó sem upplagt er að nota þegar frí er í skólanum. Mikilvægt er að muna að lestrarnám barna okkar þarf að vera samstarfsverkefni skólans og heimilanna og það er mjög áriðandi að lestrarþjálfun fari fram heima fyrir. Við hvetjum alla foreldra til að kynna sér læsisáttmálann á heimasíðu Heimila og skóla - www.heimilisogskoli.is

Innritun í grunnskóla Kópavogs

Innritun 6 ára barna (fædd 2012) fer nú fram í gegnum íbúagátt á vef bæjarins (<https://ibuagatt.kopavogur.is>) Opnað er fyrir skráningu 1. mars 2018 og stendur hún til 8. mars. Sömu daga fer fram innritun nemenda sem flytjast milli skólahverfa og þeirra sem flytja í Kópavog eða koma úr einkaskólum. Haustið 2018 munu skólar hefjast með skólasetningardegum fimmtudaginn 23. ágúst. Nánari upplýsingar um skólabyrjun munu birtast á heimasíðum skólanna. Sérstök athygli er vakin á því að umsóknarfrestur um heimild til að stunda nám í einkaskólum eða grunnskólum annarra sveitarfélaga er til 1. apríl og skal sækja um á íbúagátt Kópavogs. Sækja þarf um að nýju fyrir nemendur sem nú eru í slíkum skólum ef gert er ráð fyrir að þeir verði þar næsta vetur.



Meira um læsisáttmálann á heimilisogskoli.is

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
	26. Léttsaltaður þorskur m/ smjöri og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir.	27. Ungversk gúlassúpa m/ grænmeti, nautagúllasi og grófu snittubrauði. Ávextir.	28. Bláberjaskyr m/ rjóma-blandi og heilkornabrauði m/ spægipylsu / skinku og smjöri. Ávextir.	1. Heimalagaður plockfiskur m/ bernaise og rúgbrauði. Salatbar og ávextir.	2. Grisagúllas í karrykókos-sósu m/ íslensku bankabyggi. Ávextir. Stóra upplestrarkeppni 7. bekkjar	3.
4.	5. Ofnbökuð bleikja í teriyaki m/ kínóa og sweetschilísósu. Salatbar og ávextir.	6. Mexíkósk súpa m/ nautahakki, grænmeti, tortillafögum, rifnum osti og sýrðum rjóma. Ávextir.	7. Heitur pastaréttur m/ heilhveitipastaskrúfum, baconi, grænmeti og ostasósu. Ávextir. Samr. próf í 9.b - ísl.	8. Heimalagaður ofnbakaður þorskur í karrysósu m/ brúnum hrísgrjónum. Salatbar og ávextir. Samr. próf í 9.b - stæ.	9. Lambasnitsel m/ kaldri bernaisesósu og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir. Samr. próf í 9.b - ens.	10.
11.	12. Langa í hvítlauksrós-maríninjómasósu m/ brúnum hrísgrjónum. Salatbar og ávextir.	13. Soðnar kjötfarsbollur í hvítkáli m/ smjöri og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir. Páskabingú	14. Hrísgrjónagrautur m/ kanilsykri, rúsínum, lifrarpýlsu og blóðmör. Ávextir.	15. Ýsa í raspi m/ soðnum kartöflum og kokteil-sósu / tómatsósu. Salatbar og ávextir. Árshátíð unglingsstígs	16. Úrbeinuð kjúklingalæri í Bombay karry m/ brúnum hrísgrjónum. Salatbar og ávextir.	17.
18.	19. Gufusóðin ýsa m/ bræddu smjöri og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir. 7.bekkur fer í skólubúðir	20. Ítalskar hakkbollur m/ kartöflumús, brúnni sósu og týtuberjasultu. Salatbar og ávextir.	21. Kjúklingabringur í raspi m/ kryddkartöflum og hvítlauksósu. Salatbar og ávextir. Skólahreysti	22. Fiskibollur m/ karrysósu og brúnum hrísgrjónum. Salatbar og ávextir.	23. Grænmetislasagna m/ grófu baguette. Salatbar og ávextir.	24.

Muna:

- Páskaleyfi hefst föstudaginn 23. mars og kennsla hefst að nýju þriðjudaginn 3. apríl.
- Dægradvöl er opin í páskaleyfinu fyrir þá sem þar eru skráðir (skráningu lýkur 1. mars)
- 5 daga helgarleyfi er hjá nemendum í apríl dagana 18.-22. apríl (sjá skólalagatal)
- **Hnetulaus skóli - engar hnetur í nesti eða matvæli sem innihalda hnetur!**
- Heimanámsaðstoð á aðalsafni Bókasafns Kópavogs á þriðjudögum kl. 14:30-16:30 en á Linda-safni á fimmtudögum kl. 14:30-16:30
- Við minnum á dagskrá menningarhúsanna í Kópavogi en hún er metnaðarfull í mars eins og jafnan. Nánari upplýsingar á slóðinni:
https://www.kopavogur.is/static/files/Menningarhusin/Dagsskra_2018/mars-2018.pdf
- **Útivistartími: Börn, 12 ára og yngri til kl. 20.00. Börn 13 til 16 ára, skulu ekki vera á almannafæri eftir klukkan 22.00, enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu.**